

Þá skal gerð tilraun til að hafa upp á mönnum þeim, sem voru á palli bifreiðar þeirrar, er ók á undan ákærða. Leita ber og að öðrum þeim mönnum, sem kunna að hafa komið á slysstaðinn þegar eftir slysið. Spyrja skal vitni, ef finnast, m. a. um aksturshraða ákærða, hvar hann ók á veginum svo og um stöðu bifreiðar hans á veginum eftir slysið.

Svo ber héraðsdómara og að rannsaka önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin gefur efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að heyja framangreinda rannsókn.

Mánudaginn 24. febrúar 1947.

Nr. 113/1946. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Kristján Guðlaugsson)

gegn

Sæmundi Guðmundssyni

(Hrl. Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Líkamsáverkar.

Dómur hæstaréttar.

Með úrskurði hæstaréttar 25. nóvember f. á. var lagt fyrir héraðsdómara að afla skýrslu læknis um heilsu Árna Ragnars Magnússonar. Magnús héraðslæknir Pétursson og Helgi yfirlæknir Tómasson hafa nú rannsakað Árna Ragnar. Þeir telja hann engin varanleg mein hafa hlotið af áverkum þeim, er ákærði veitti honum. Minnisleysi það, er Árni Ragnar hefur kvartað undan, telja læknarnir eigi heldur verða til þeirra áverka rakið.

Atvikum máls þessa er að öðru leyti rétt lýst í héraðsdómi. Atferli ákærða, er hann á Skólavörðuholti réðst ölvaður á Árna Ragnar Magnússon, varðar við 217. gr. laga nr. 19/1940, 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 3. og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Árás

ákærða á Árna Ragnar heima hjá honum varðar við 218. gr. sbr. 75. gr. laga nr. 19/1940. Háttsemi ákærða 28. júlí 1945, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaganna og 3. og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum fangelsi 9 mánuði.

Samkvæmt skýrslum, sem fram hafa komið við flutning málsins fyrir hæstarétti um kaup Árna Ragnars, þykir mega taka fyrsta lið skaðabótakröfu hans til greina að fullu. Ákvæði héraðsdóms um annan lið bótakröfunnar ber að staðfesta. Með hliðsjón af aðdraganda árásarinnar og öðrum málavöxtum þykja bætur til handa Árna Ragnari samkvæmt þriðja lið kröfu hans hæfilega metnar kr. 6000.00. Ákærði verður því dæmdur til að greiða Árna Ragnari samtals kr. 12350.00.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sæmundur Guðmundsson, sæti fangelsi 9 mánuði.

Ákærði greiði Árna Ragnari Magnússyni kr. 12350.00.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 700.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. júní 1946.

Ár 1946, föstudaginn 14. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1969/1946: Réttvisin og valdstjórnin gegn Sæmundi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sæmundi Guðmundssyni verkamanni, skála 105 á Skólavörðuholti, til refsingar, greiðslu skaðabóta og málskostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. maí 1914 að Lágafelli í Mosfellssveit og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1942 $\frac{2}{3}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.
- 1942 $2\frac{3}{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $2\frac{3}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{3}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1943 $1\frac{3}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $\frac{1}{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{3}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{3}{4}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1943 $2\frac{3}{8}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1943 $1\frac{3}{10}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1945 $1\frac{3}{8}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1945 $\frac{3}{12}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1946 $\frac{3}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Laugardaginn 12. maí 1945 um klukkan 2 eftir hádegi, að því er ákærði kveður, kom hann að skála þeim, er hann þá bjó í, nr. 64 á Skólavörðuholti. Meðferðis hafði hann kjöt og önnur matvæli, trékassa, er hann hugðist nota í uppkveikju, og skó, er hann hafði keypt handa Láru Maríu Jóhannesdóttur, en með henni bjó hann í nokkur ár, og eiga þau eitt barn saman. Fyrir utan skálann sá hann, hvar Lára María og Árni Ragnar Magnússon prentari, Karlagötu 15, voru að tala saman. Kveðst ákærði hafa haft sterkan grun um, að þau væru í mjög nánnum kunningsskap, enda hafa þau bæði viðurkennt að hafa haft líkamleg mök saman. Segist ákærði hafa beðið þau að koma inn í skálann til að ræða um samband þeirra og leiðréttu, ef hann misskildi það að einhverju leyti, og hafi hann haft Árna Ragnar fyrir rangri sök, þá skyldu þeir sættast

og drekka saman úr einni brennivinsflösku, er hann átti, en ákærði hefur viðurkennt að hafa verið áberandi ölvaður þarna. Þessu hafi þau Lára María og Árni neitað, svo að ákærði sló hann með krepptum hnefa í andlitið, en þá hafi Árni Ragnar tekið til fótanna og hlaupið niður Barónsstíg.

Árni Ragnar Magnússon skýrir svo frá, að hann hafi hitt Láru Mariu um fjögur leytið þann 12. maí 1945, er hann var á leið heim til sin yfir Skólavörðuholtið, og kemur þessi tímaákvörðun heim við frásögn Láru Mariu. Ákærði hafi kastað í hann trékassa án nokkurra orða, elt hann niður Barónsstíg með grjótkasti og slegið hann lítið högg í andlitið, en engin meiðsli hafi hlotizt af því. Hafi hann því næst farið heim til sin og háttað, þar eð hann var eftir sig eftir dansleik, sem hann var á kvöldið áður. Þessu hefur ákærði neitað og segist ekki minnst þess að hafa kastað í Árna Ragnar grjóti, hann hafi að visu verið með trékassann og ef til vill kastað honum eitthvað til, en ekki í Árna.

Lára María kveður það rétt, að ákærði hafi beðið þau að koma inn í skálann og ræða samband þeirra, en að rangt sé, að hún hafi neitað því. Þá fullyrðir hún, að ákærði hafi kastað trékassanum í Árna.

Eftir að Árni Ragnar var farinn frá skálanum, kveðst ákærði hafa farið inn til sín, dvalizt þar allan daginn og sofnað. Um kvöldið vaknaði hann, og var Lára María þá farinn út. Grunaði hann, að hún hefði farið heim til Árna. Beið hann nokkra stund, ef vera kynni, að hún hefði aðeins brugðið sér frá. Segist hann hafa drukkið talsvert af víni og gerzt áberandi ölvaður. Um kl. 9 fór ákærði út og heim til Árna Ragnars að Karlagötu 15. Kveður ákærði dyrnar að herbergi hans hafa verið læstar, og hafi hann því brotið þær upp og farið inn í herbergið. Hafi hann þá séð, hvar Árni Ragnar og Lára María lágu saman upp í legubekk (dívan) með sæng yfir sér og kápa hennar og skór hafi verið á stól í herberginu, en hvort hún hafi farið úr kjól sínum, kveðst hann ekki hafa vitað. Segist ákærði nú hafa ráðist á Árna, en með hverjum hætti, man hann eigi. Eftir þetta kveðst ákærði ekki muna eftir sér, fyrr en hann var á leið heim til sín, en er hann kom þangað, hafi hann séð barn sitt útatað í málningu. Hafi hann því farið inn í næsta skála og beðið fólk þar um að hjálpa sér að þvo barninu. Meðan hann dvaldist þarna, hafi svo lögregluþjónn komið, handtekið hann og fært í varðhald.

Lára María Jóhannesdóttir hefur skýrt svo frá, að eftir skipti þeirra Árna Ragnars og ákærða fyrir utan skálann hafi hann lagt sig og sofnað, en vaknað um sjöleytið og borðað kvöldmat og sofnað svo aftur. Undir kl. átta hafi hún farið heim til Árna að Karlagötu 15. Ákærði segist aftur á móti ekki muna greinilega eftir því, að Lára hafi eldað handa honum kvöldmat, en þegar hann vaknaði

Þetta kvöld, hafi hún verið farin út. Kvæðst hún hafa haft meðferðis bók, er hún ætlaði að skila Árna Ragnari, en man þó ekki greinilega eftir þessu og segir, að hafi svo verið, þá hafi það verið að yfirskinu einu gert. Var Árni háttaður, er hún kom til hans. Segist hún hafa farið úr kápunni og sett upp í legubekkin hjá honum eða ef til vill lagzt upp í hann, en að þau hafi ekki haft líkamleg mök saman í þetta skipti. Brátt hafi það borizt í tal, að ef til vill mundi ákærði koma á eftir henni og væri því hyggilegra að aflæsa hurðinni, enda hafi það verið gert. Er hún hafði dvalizt þarna um $\frac{1}{2}$ klukkustund, segir hún, að tekið hafi verið í hurðarhúninn og hurðin brotin upp, en inn í herbergið hafi ákærði komið. Hann hafi sagzt vita, hvar hennar væri að leita, tekið síðan flösku, er þar stóð á borði, og barið henni í höfuðið á Árna Ragnari. Flýtti Lára María sér inn í snyrtiherbergi og lokaði að sér. Von bráðar komu lögregluþjónar, en þá var ákærði farinn. Ólafur Guðmundsson hafi svo fylgt henni heim til hennar, en ákærði kom þangað rétt á eftir úr næsta skála og ætlaði að ráðast á hana, en lögregluþjónninn handtók hann og færði á lögreglustöðina.

Árni Ragnar Magnússon kveður ákærða hafa komið heim til sín, 15 til 30 mínútum eftir að Lára María var þangað komin, en hvort hún hafi legið uppi í legubekkinum hjá honum, kveðst hann ekki muna, telur að hún hafi setið í hægindastól eða á rúmstokkunum hjá honum. Ákærði hafi brotið upp dyrnar að herberginu, ruðzt inn í það og að rúmi Árna Ragnars, barið hann með krepptum hnefanum á hæggra augað og gripið því næst tóma vínflösku, sem stóð þarna á borði, og barið hann mörg högg í höfuðið með henni, svo að hann missti meðvitund. Hann segist þó minnst þess að hafa séð Ólaf Guðmundsson lögregluþjón og einnig, að farið væri með hann á Landspítalann.

Vitnið Ólöf Guðbrandsdóttir húsfreyja, Karlagötu 15, 26 ára að aldri, skýrir svo frá, að um klukkan 8 laugardagskvöldið 12. maí 1945 hafi stúlka komið í heimsókn til Árna Ragnars. Er hún hafði dvalizt þar um $\frac{1}{2}$ klukkustund, segist vitnið hafa heyrt, að barið var á herbergishurð Árna, hún því næst brotin upp og maður farið inn í herbergið. Heyrði vitnið nú neyðaróp í fyrrgreindri stúlku og að hún hljóp inn í snyrtiherbergi og lokaði sig þar inni. Fór vitnið nú út á tröppur og kallaði á Ingva Pétursson verzlunarmann, sem einnig býr á Karlagötu 15, en hann var að lagfæra gangstétt. Við svo búið fór vitnið inn í íbúð sína og sá þá fyrrgreinda stúlku og segist ekki hafa getað betur séð en hún væri fullklædd. Ekki kveðst það hafa litið inn í herbergi Árna Ragnars og séð, hvernig þar var umhorfs.

Vitnið Ingvi Magnús Pétursson, 33 ára að aldri, skýrir svo frá, að er Ólöf Guðbrandsdóttir kallaði á það, hafi það hlaupið upp í herbergi Árna Ragnars, dyrnar hafi verið upp á gátt og að ákærði

hafi staðið með reidda flösku yfir Árna, þar sem hann lá með sæng yfir sér uppi í legubekknunum, og slegið bylminshögg í höfuðið á honum með flöskunni. Kveðst vitnið hafa kallað til ákærða, sem snéri sér að því og lagði flöskuna á borð. Virtist vitninu hann vera eitthvað undarlegur og reyndi að koma honum út úr herberginu og fram á gang. Bað það hann að biða, meðan það sækti lögreglu, og játaði ákærði því. Fór vitnið nú út í næsta hús og hringdi á lögreglustöðina, en er það kom aftur þaðan út, sá það, hvar ákærði hljóp upp eftir Karlagötu. Ekki kveðst vitnið hafa séð kvenmann hjá Árna, fyrr en það kom frá því að hringja á lögreglustöðina, en þá mætti það konu á leið niður stigann frá Árna Ragnari og bað hana að biða, þar til lögreglan kæmi, og hafi hún svo farið í fylgd með lögregluþjóni, en um hálf ellefu leytið hafi Árni verið sóttur í sjúkrabifreið. Kveður vitnið Árna Ragnar hafa verið alblóðugan og rænulausan eða rænulítinn og óskaplegt hafi verið að sjá, hvornig hann var utleikinn.

Lögregluþjónarnir Ólafur Guðmundsson og Leifur Jónsson hafa borið það, að fyrrgreint laugardagskvöld um klukkan 9 hafi þeir farið að Karlagötu 15, en hringt hafði verið á lögreglustöðina og tilkynnt um árásina. Var þeim vísað upp í herbergi Árna Ragnars. Lá hann uppi í rúmi alblóðugur, mjög illa utleikinn og af honum dregið. Lára María var þarna, og fylgdi Ólafur henni heim, en Leifur beið, þar til sjúkrabifreið kom til að flytja Árna Ragnar á Landsspítalann. Ólafur kveðst hafa ekið Láru Mariu heim til hennar og hinkrað þar við eftir ákærða, sem kom litlu síðar og ætlaði þá að ráðast á Láru. Handtók Ólafur hann þá, járnaði og færði á lögreglustöðina.

Árni Ragnar Magnússon kveðst hafa hlotið mjög mikla áverka af árás ákærða, og hafi hann legið mjög þungt haldinn á Landspítalanum frá 12. maí 1945 til 11. júní s. á. Höfuðkúpa hans og neðri kjálki hafi brotnað og skekkzt, hann hafi hlotið mjög mörg sár á höfuðið, svo að raka varð af honum allt hárið, til þess að hægt væri að sauma þau saman. Vinstra auga hafi orðið fyrir miklum áverka, svo að sjón dapraðist, enda hafi blætt inn á augað, og að minni hans hafi sljófgast mjög. Þá kveður hann ákærða hafa brotið 3 tennur í efri gerfigóm, en neðri gerfigóm alveg í sundur. Ekkert kveðst Árni Ragnar hafa getað unnið frá 12. maí 1945 til 1. ágúst s. á., og hefur verið lagt fram vottorð frá prentsmiðju þeirri, er hann vinnur hjá, hvað þetta atriði varðar, en það hefur þó eigi fengizt staðfest. Hann er með stórt ör vinstra megin á höku og enni, er hann kveður stafa af framangeindum áverkum, vinstri kinn hans er eins og stöðugt bólgin og stór dæld í höfðinu sjálfu. Þá kveður hann eins og eitthvað gangi til í kjálkalið, þegar hann opnar munninn, sérstaklega á morgnana, eftir að hann hefur sofið.

Þann 17. júlí 1945 hefur Kolbeinn Kristófersson læknir gefið eftirfarandi vottorð um áverka Árna Ragnars:

„Árni Ragnar Magnússon, fæddur 17. maí 1914, til heimilis Karlagötu 15, var fluttur á Landsspítalann 12. maí 1945 vegna áverka, er hann hafði hlotið skömmu áður.

Við komu var maðurinn alblóðugur og föt mjög blóðug, blóðþrýstingur 65/40, púls 104, lítill. Mjög hræddur og shockeraður, en þó með rænu.

Á höfði voru 15 sár, sem náðu flest inn í bein, lengd frá 2—10 cm. Holdið í kringum sárin og barmarnir voru marðir.

Vinstra auga alveg sokkið og blæðingar í augntótt og í augnlok, enn fremur er blæðing þar undir slímhúðinni. Efri vör mjög marin og innan á henni sár ca. 5 cm langt.

Enn fremur sár vinstra megin á höku, ca. 4 cm. Blæðing úr nefi talsverð.

Röntgenmyndir sýndu:

- 1) brot á hauskúpu
- 2) brot á neðri kjálka
- 3) blæðingar á b. kjálkaholu.

Lá á d. V frá 12/V.—11./VI.

Var þá orðinn vel hress, en enn þá með höfuðverk.

Ekki vinnufær enn þá vegna afleiðinga af áverkanum.“

Með framangreindri árás á Árna Ragnar Magnússon, er hann lá í rúmi sínu á Karlagötu 15, hefur ákærði gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en refsingar hefur eigi verið krafizt fyrir röskun á húsfriði. Með því að vera áberandi ölvaður á almannafæri og ráðast á Árna Ragnar á Skólavörðuholtinu hefur ákærði gerzt brotlegur við 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

II.

Laugardaginn 28. júlí 1945 sat ákærði við drykkju heima hjá sér og gerðist mjög ölvaður. Klukkan rúmlega 3 e. h. fór hann út og ætlaði inn í Múlakamp. Gekk ákærði inn Laugaveg, og þegar hann kom á móts við verzlunina Ás, sá hann til ferða strætisvagns og hugðist fá far með honum. Var vagninn stöðvaður þarna við verzlunina, og ætlaði ákærði að stíga upp í hann, en bifreiðarstjórinn, Birgir Ólafur Helgason, neitaði honum um far, þar sem ákærði var drukkinn og óheimilt er að taka farþega styttri leið en inn að Árbæ með þessum áætlunarbifreiðum.

Ætlaði ákærði þá að ryðjast upp í bifreiðina, en Birgir Ólafur kveðst þá hafa stjakað honum frá og lokað dyrunum. Sló ákærði nú með hægri hendi í gegnum rúðu í hægri framhurð bifreiðarinnar, skarst allmikið og blæddi mjög. Fór Birgir Ólafur út úr strætisvagninum og hélt ákærða, þar til lögregluþjónar komu á vettvang

og færðu hann burt. Var farið með ákærða á Landsspítalann og þar gert að sárum hans, en honum síðan ekið heim. Nokkru síðar fór ákærði mjög ölvaður inn á veitingastofuna á Vitastíg 14 til þess að fá sér eitthvað að eta. Skömmu eftir að hann var þangað kominn, komu lögregluþjónar, handtóku hann og færðu á lögreglu-stöðina.

Gerðar hafa verið skaðabótakröfur á hendur ákærða fyrir rúðu þá, er hann braut í strætisvagninum, og fataspjöll, en Birgir Ólafur Helgason kveður mikið blóð úr ákærða hafa farið í jakka sinn. Ákærði hefur með réttarsátt gengizt inn á að greiða bætur þessar.

Hefur ákærði með atferli því, sem lýst er hér undir II., gerzt brotlegur við 18. sbr. 38. gr. áfengislaga og 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

III.

Við ákvörðun refsingar ákærða, sem ber að meta með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, þykir eftir atvikum mega taka tillit til 4. tl. 74. og 75. gr. hegningarlaganna, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði.

Árni Ragnar Magnússon, Karlagötu 15, hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 16350.00 krónur í skaðabætur, en ákærði hefur eigi getað fallizt á kröfu þessa, sem Árni Ragnar sundurliðar þannig:

1. Fyrir vinnutap	kr. 6000.00
2. Fyrir viðgerð á gerfitönnum	— 350.00
3. Fyrir óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	— 10000.00

Alls kr. 16350.00

Hvað kröfuflið 1 snertir, þykir óvarlegt að taka hann að öllu leyti til greina, þar eð aðeins er upplýst um þetta atriði, að Árni Ragnar Magnússon hafi verið óvinnufær frá 12. maí 1945 til 1. ágúst s. á. þykir eftir atvikum hæfilegt að dæma 5000 króna bætur samkvæmt þessum lið.

Fyrir 2. kröfuflið hefur verið lagður fram reikningur, og verður hann því tekinn til greina.

Þriðji kröfufliðurinn, kr. 10000.00, er þess eðlis, að illt er að ákveða, hver upphæð sé hæfileg, en með tilliti til hinna miklu áverka og lýta, er Árni Ragnar hlaut, þykir þessi krafa hans eigi svo óhóflega stillt að lækka beri hana, og verður hún því að öllu leyti tekin til greina. Samkvæmt þessu ber því að dæma ákærða til að greiða Árna Ragnari Magnússyni, Karlagötu 15, 15350.00 krónur í skaðabætur.

Sjúkrahúss- og lækniskostnaðar hefur eigi verið krafizt.

Dráttur sá, er orðið hefur á rekstri málsins, stafar af því, að mjög erfitt hefur verið að ná til ákærða og vitnisins Láru Mariu

Jóhannesdóttur, og varð að senda málið til Vestmannaeyja, eins og fram kemur í réttarprófunum.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sæmundur Guðmundsson, sæti fangelsi í 9 mánuði. Ákærði greiði Árna Ragnari Magnússyni, Karlagötu 15, kr. 15350.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1947.

Nr. 41/1945. **Leifur Th. Þorleifsson**

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Jóni Dúasyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Loforð dæmt löglaust og samningur ógildur.

Dómur hæstaréttar.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. marz 1945. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framkvæmd fjárnámsins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og getið er í hinum áfrýjaða úrskurði, eignaðist stefndi í janúarmánuði 1938 kröfur þær á hendur áfrýjanda og Eiriki syni hans, sem fjárnáms er krafizt fyrir í máli þessu. Þar sem þeir greiddu ekki kröfurnar, krafðist stefndi